

Ed.

696. Frumvarp til laga

um breytingu á hafnarlögum fyrir Neskaupstað, nr. 66 4. júlí 1942.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar og dráttarbrautar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 580000.00 — fimm hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn $\frac{1}{3}$ hlutum úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 870000.00 — átta hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar og byggingar dráttarbrautar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirmun með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

11. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farni þeirra:
 - a. Lestargjald (hafnargjald).
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.
 - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heima eiga innan lög-sagnarumdæmis Neskaupstaðar og leggja afla sinn á land innan sömu takmarka eða hafa þar uppsátur.
 - g. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbraut hafnarinnar.
 - h. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir í dráttarbrautinni og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skenmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a. og b.

4. gr.

18. gr. laganna skal orða svo:

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga, svo og um aðgang og notkun almennings á dráttarbraut og öðrum mannvirkjum hafnarinnar. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renni í hafnarsjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.